



Alþingi
Erindi nr. P 122/1388
komudagur 28.2.2003

Jafnréttisstofa

Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Félagsmálanefnd
150 Reykjavík


Akureyri 25. febrúar 2003.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

Vísað er til bréfs yðar dagsett þann 12. febrúar s.l. varðandi breytingu á lögnum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa lýsir yfir ánægju sinni með þá hugmynd að gera úrskurði kærunefndar jafnréttismála bindandi, en telur þó að ekki sé unnt að breyta þessu í lögnum nema að því tilskyldu að málsmeðferð hjá kærunefnd jafnréttismála verði breytt. Mál þessi verða því að mati Jafnréttisstofu að vera tekin fyrir á svipaðan hátt og dómsmál. Málin yrðu þá sótt og varin með tilheyrandi réttarúrræðum svo sem með vitnaábyrgð og vitnaskyldu líkt og tíðkast fyrir dómstólum. Jafnréttisstofa telur því að til þess að breyta þessum hluta laganna nr. 96/2000 þarf að fara fram mun ítarlegri breyting á lögnum.

Í greinargerð yðar kemur einnig fram að verulega flókið og ýmsum vandkvæðum bundið að fylgjan álitum kærunefndar eftir. Einnig kemur fram að allur gangur virðist á því hvort það sé gert. Jafnréttisstofa vill taka fram að frá því að stofan tók til starfa eða sumarið 2000, hefur hún fylgt málunum vel eftir og eru þau allflest leyst. Einnig er rétt að benda yður á að búið er að samþykkja reglugerð með lögum nr. 96/2000 þar sem að fram koma ítarlegri leiðbeiningar um hvernig eftirfylgni mála skuli háttað. Loks er rétt að benda á að heimild Jafnréttisstofu til málhöfðunar er mjög þröng og því takmarað í hve miklu mæli unnt er að nýta þá heimild.

Virðingarfyllst


Margrét María Sigurðardóttir, lögfræðingur.